

Fimmtánda fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 7. desember 2012 kl. 13 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins. Fyrir hönd kennara mættu Guðný Róbertsdóttir. Fyrir hönd annarra starfsmanna mætti Sæbjörg Ágústsdóttir. Fyrir hönd nemendaráðs skólans mættu Gabríel Frostason og Davíð Fannar Sigurðsson. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sátu fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Skólastjóri fór yfir síðustu fundargerð.

2. Reglugerð um skólaráð

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri lásu upp fyrir fundarmenn reglugerð um skólaráð.

3. Ársskýrsla 2011-2012

Skólastjóri lagði fram ársskýrslu skólans og sagði að skýrslan yrði send fundarmönnum.

4. Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélags

Skólastjórinn lagði fram skeyti sem barst í tölvupósti sem hann las upp fyrir fundarmenn. Ákveðið að skeytið verði sett á heimasíðu skólans.

5. Fréttatilkynning frá SAFT um netöryggi

Farið yfir bréf frá SAFT um netöryggi barna. Í framhaldi af því ræddi foreldrafulltrúi um bannaðar myndir og tölvuleiki sem börn segjast horfa á. Upp kom hugmynd að ræða netöryggi á opnum fundi um skólamál sem fyrirhugaður er 14. febrúar n.k. Fundarmenn sammála því að umfjöllun um netöryggi eigi erindi á slíkum fundi.

6. Önnur mál

Skólastjóri sagði frá bréfi sem hann fékk frá mennta- og menningamálaráðuneytinu þar sem gerð er athugasemd við fjölda skóladaga nemenda í 2. og 3. bekk á síðasta skólaári. Skólastjóri sagði að um mistök væri að ræða við skráningu í skýrslu til Hagstofunnar. Skólastjóri mun svara bréfinu og leiðrétta rangfærsluna.

Brynja foreldrafulltrúi upplýsti með hvaða hætti kjósa ætti eða velja fulltrúa foreldra í fræðslunefnd. Velja á fulltrúa úr foreldrafulltrúum skólaráðs.

Ákveðið að Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir verði fulltrúi foreldra í fræðslunefnd og Sigurður Ægisson varamaður.

Skólastjóri sagði frá fundi sem hann sat í gær með nefnd á vegum sveitarfélagsins um umferðaöryggismál. Fram kom að umferðaröryggisnefndin mun boða skólaráð og stjórn foreldrafélagsins til fundar um umferðaöryggismál.

Skólastjóri kynnti hugmyndir að breytingum á teikningum af viðbyggingu við skólahúsið Norðurgötu Siglufirði. Fundarmönnum leist vel á hugmynd arkitekta og minnir á að hugsa þurfi fyrir hljómburði í salnum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.15

Helga Lúðvíksdóttir

skólaritari Grunnskóla Fjallabyggðar